

**Nd.**

## **502. Breytingartillögur**

við frv. til áfengisлага.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 7. gr. Fyrir „Menningarsjóð“ í enda greinarinnar kemur: rikissjóð.
2. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kaupúnum. Áður en útsalan er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi, og þarf  $\frac{3}{5}$  hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsölur eru, þegar lög þessi öðlast gildi, er heimilt að selja aðrar tegundir áfengis en þær, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, en þó með sömu skilyrðum sem um nýja útsölastaði væri að ræða.

Hafi verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða leyfa sölu sterkra drykkja þar, sem útsala var fyrir, getur atkvæðagreiðsla um það ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

3. Við 16. gr. 2. málsg. Fyrir orðin „rannsaka flutningatæki“ kemur: gera húsrannsókn og rannsaka flutningatæki.
4. Við 18. gr. Á eftir „opinberum samkomum“ kemur: í bifreiðum eða öðrum farartækjum.
5. Á eftir 24. gr. koma tvær nýjar greinar, sem verða 25. og 26. gr., svo hljóðandi:

- a. (25. gr.). Stórtemplar skal vera ráðunautur ráðherra í áfengismálum.
- b. (26. gr.). Áfengisvarnarnefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Stórtemplar skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndanna skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út. Stórtemplar hefir umsjón með framkvæmd hennar.